

Til umhugsunar frá Jóni Torfa vegna umræðna um skipulag starfs KHÍ innan HÍ (7.8.2007).

## Um kennaramenntun og skólastarf – horft til framtíðar

Flest samfélög leggja ofurkapp á vandaða menntun þegna sinna; þau telja skipan og inntak hennar eitt veigamesta sameiginlega verkefni sitt. Hún skipti sköpum um menningarlega og efnahagslega framþróun.

Að því marki sem menntunin fer fram í skólum ræður sú fagmennska sem þar er að finna úrslitum um hvernig tekst til um starfsemi þeirra. Það hefur alla tíð verið viðurkennt að þær stofnanir sem mennta kennara gegni þar lykilhlutverki. Hér er gengið út frá því.

Þegar lagður var grunnur að skólastarfi á Íslandi í upphafi 20. aldar má segja að eftirfarandi sjónarmið hafi ríkt:

a) Kennsla í skóla (frekar en á heimili) var sjálfsagt hagræðingaratriði, það voru helstu rökin fyrir því að halda skóla; b) kennari var einyrki samt sem áður, oft í bókstaflegum skilningi, þar sem hann ferðaðist á milli bæja og kenndi börnum vítt og breitt; c) verkefnið þótti oft tiltölulega einfalt, þ.e. að kenna sem flestum börnum lestur, skrift og reikning, auk bóklegra greina, þótt ýmsir, þ.á.m. Guðmundur Finnbogason, hafi áttað sig á því að málið væri flóknara; d) menntun kennara átti í öllum aðaltriðum að felast í því að kennarar kynnu námsefnið betur en börnin.

Þetta var arfleifð 19. aldar og varð veganesti 20. aldar. En afstaða til menntunar og kennara breyttist smám saman og við upphaf 21. aldar eru allt önnur viðhorf uppi.

Nú er viðurkennt

a) að skólar séu flóknar fræðslu- og menntastofnanir sem krefjast margvíslegrar sérfræðikunnáttu og fagmennsku fólks með fjölbreyttan bakgrunn sem vinnur saman að verkefni sínu; það þurfi sífellt að þróa skólana og endurnýja og bæta starfshætti þeirra; b) að menntunin sé samstarfsverkefni fjölmargra fagaðila með ólíka sérfræðipækkingu sem stilli saman strengi sína; verkefnið verði aðeins vel unnið með samstilltu átaki; c) að verkefnið sé margslungið og krefjandi; gerðar séu miklar kröfur um djúpstæða þekkingu kennara á viðfangsefni sínu, sem er allt í senn: nemandinn og menning hans, inntak kennslunnar og yfirvegað og þróað verklag við kennslu, m.a. skipulagning kennslu fyrir mjög ólíka nemendur; d) að menntun kennara og annarra fagstétta skólans feli í sér mjög fjölpætta en innbyrðis ólíka kunnáttu á hverju fagsviði fyrir sig, þeir verði að hafa þekkingu á markmiðum skólastarfs, læri að kenna við ólíkar aðstæður; kennarar séu einnig vel að sér um þróun skólastarfs og rannsóknir á því.

**Hlutverk Menntavísindaskóla.** Fyrir bragðið verður að líta á hlutverk stofnana sem mennta kennara allt öðrum augum en áður. Meginhlutverk þeirra á 21. öld er að leggja grundvöll að faglegu skólastarfi (með menntun kennara), en ekki síður að taka virkan þátt í þróun skólastarfs í landinu, endurnýjun þess og umbótum. Undir þetta meginhlutverk falla fimm verkefni sem öll verður að rækja af kostgæfni. Þau eru:

- **Menntun kennara**, en þeir þurfa nú að búa yfir mun dýpri og fjölpættari fagþekkingu til þess að sinna kennarastarfinu en 19., og jafnvel 20. öldin, kröfðust.
- **Skólaþróun.** Í Menntavísindaskólanum verður að setja á oddinn þátttöku og að vissu marki forystu í yfirveguðu og öflugu þróunarstarfi í skólum landsins. Hann er stofnun sem verður gerð ábyrg fyrir því hlutverki að leggja sífellt endurnýjaðan grunn að faglegu

skólastarfi. Aðild að þróun skólastarfs sem hefur það markmið að gera skólana sífellt betri og svara betur kröfum tímans skiptir ekki minna máli en grunnmenntun kennaranna.

- **Rannsóknir.** Þróttmikið rannsóknarstarf og nám samofið rannsóknum er lykill að forystu- og þróunarhlutverki skólans; það er forsenda skilnings og grósku. Rannsóknir og þróun eru nátengd. Ekki er ástæða til að ætla að svonefndar „hagnýtar“ rannsóknir séu neitt gagnlegri en fræðilegar rannsóknir í þessu samhengi.
- **Endurmenntun sem hluti símenntunar.** Öflugt þróunarstarf krefst stöðugrar menntunar starfsfólks bæði á vettvangi og utan hans. Endurnýjun menntunar kennara og annars starfsfólks skólakerfisins er ekki aukageta stofnunar sem gengir því forystuhlutverki sem nýr Menntavísindaskóli hefur, heldur er eitt af veigameiri hlutverkum hennar.
- **Fjölpætt menntun.** Þjóðfélagið krefst þess að margslungið skóla- og fræðslu- og uppeldisstarf sé unnið af mikilli fagmennsku sem þarf að koma úr mörgum áttum. En jafnframt verður stofnun sem hefur verið gerð ábyrg fyrir ákveðnum þáttum í þróun skólastarfs, ekki síst menntun fagfólksins, að sjá til þess að ekki vanti tiltekna sérfræði sem getur nýst í þessu og skyldu starfi. Þetta hefur verið undirstrikað með sameiningu margra skóla innan vébanda KHÍ og með sameiningu KHÍ og HÍ.

Nýr menntavísindaskóli verður nú að beina sjónum sínum að öllum þessum fimm verkefnum og nýta sér nýja stöðu sína til að sækja fram af krafti svo að hann standist þær væntingar sem til hans eru gerðar. En allt þetta starf á að þjóna einu höfuðmarkmiði, þ.e. að efla fagmennsku í skóla-, fræðslu- og uppeldisstarfi.

Þetta þýðir að mínu mati:

- a) Að nýr Menntavísindaskóli skilgreini vandlega þessi fimm verkefni sín og gæti þess að tengja þau vel saman og gera þeim öllum hátt undir höfði. Þau verði öll viðurkennd fullgild viðfangsefni starfsfólks Menntavísindaskólans, bæði í starfsskyldum þess og öllu starfsmati.
- b) Að unnið verði innan Menntavísindaskólans að stefnumótun varðandi hvert hinna fimm verkefna, ákveðin einstök markmið fyrir starfið á næstu árum og hvernig þeim skuli náð. Átakið verði samstillt þótt fólk skipti með sér verkum og starfsskyldurnar séu ekki þær sömu hjá öllum.
- c) Að sú nýskipan sem hefur verið í undirbúningi undanfarin ár í KHÍ verði framkvæmd með hliðsjón af því hvernig verkefni fimm eru skilgreind enda er hún að miklu leyti í samræmi við þau viðhorf sem hér er lýst; hugsanlegar breytingar eru einfaldlega mál sem þarf að ræða.
- d) Að leitað verði eftir nánu samstarfi við allar greinar í HÍ svo þær leggi verkefnum Menntavísindaskólans lið, undir hans forystu, og eigi þannig hlut í samstilltu átaki til eflingar skólastarfs í landinu.
- e) Að haft verði sem víðtækast samráð við þá sem sinna skólastarfi um það verklag sem þessi viðhorf kalla á.

Skipulegt skóla- og fræðslustarf nær langt út fyrir hið formlega skólakerfi. Þótt Menntavísindaskólinn megi ekki missa sjónar af hefðbundnu þjónustuhlutverki sínu við skólakerfið þá á hann einnig að snúa sér af krafti að öðrum þáttum menntunar, ekki síst þeirri menntun sem fer fram í atvinnulífinu og í annarri fullorðinsfræðslu.